

Fimmtudaginn 16. desember 1993.

Nr. 258/1990. **Róbert H. Jónsson**

(Þórólfur Kr. Beck hrl.)

gegn

Hermannni Kristjánssyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

og gagnsök.

Niðurfelling máls. Fasteignakaup. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júní 1990. Krafðist hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði yrðu ómerkt og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Til vara krafðist hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til þrautavara þess, að fébóta-kröfur hans yrðu lækkaðar. Hann krafðist og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi sótti ekki þing, þegar aðalsök var þingfest 1. október 1990, en gagnáfrýjaði málinu með stefnu 8. nóvember sama ár að fengnu áfrýjunarleyfi hinn 26. október til staðfestingar hinum áfrýjaða dómi. Auk staðfestingar krafðist hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda. Gagnsökin var sameinuð aðalsök 1. febrúar 1991.

Við munnlegan flutning hinn 8. desember 1993 var því lýst yfir af hálfu aðaláfrýjanda, að hann félli frá áfrýjun málsins og öllum kröfum á hendur gagnáfrýjanda í aðalsök, en viðurkenndi skyldu til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað vegna aðalsakar. Jafnframt féllst aðaláfrýjandi á kröfu gagnáfrýjanda um staðfestingu héraðsdóms og viðurkenndi á sama hátt skyldu til greiðslu hæfilegs málskostnaðar í gagnsök.

Krafa gagnáfrýjanda er sem áður, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Jafnframt krefst hann þess nú, að aðaláfrýjanda og lögmanni hans, Þórólfi Kristjáni Beck hæstaréttarlögmanni, verði

gert að greiða sér óskipt málskostnað í Hæstarétti vegna aðalsakar og gagnsakar.

Í samræmi við fram komna kröfu aðaláfrýjanda verður mál hans á hendur gagnáfrýjanda fellt niður með vísan til c- liðar 1. mgr. 105. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Um málskostnað fer eins og segir hér á eftir.

Krafa gagnáfrýjanda um staðfestingu hins áfrýjaða dóms nýtur samþykkis aðaláfrýjanda, og ber að taka hana til greina. Á dómurinn þannig að vera óraskaður.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, er mál þetta risið af kaupum milli aðila um íbúð að Hraunbraut 3 í Kópavogi. Var kaupsamningur gerður 19. febrúar 1988, og fékk aðaláfrýjandi íbúðina afhenta sem kaupandi hinn 25. sama mánaðar. Greiðslufall varð af hálfu aðaláfrýjanda á mjög verulegum hluta kaupverðsins, og höfðaði gagnáfrýjandi þá mál þetta fyrir bæjarþingi Kópavogs með kröfu um riftun á kaupunum og fébætur úr hendi aðaláfrýjanda. Útivist varð á bæjarþinginu af hálfu aðaláfrýjanda, eftir að hann hafði sjálfur sótt þing við þingfestingu málsins. Var málið þá dæmt eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum, sbr. 118. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, og dómkröfur gagnáfrýjanda teknar til greina.

Fram er komið, að gagnáfrýjandi hafi að gengnum þessum dómi krafist rýmingar á íbúðinni og beðið um útburðargerð í fógetarétti Kópavogs sumarið 1990, þegar kröfunni var ekki sinnt. Hafi aðaláfrýjandi haldið uppi vörnum í fógetaréttinum, meðal annars með vísan til þess, að dóminum hefði verið áfrýjað. Þeim málaferlum mun hafa lokið með því, að aðaláfrýjandi vék úr íbúðinni nærri árslokum 1990 að undangengnum úrskurði um útburð.

Ákvörðun aðaláfrýjanda um að falla frá áfrýjun skýrir lögmaður hans svo, að aðaláfrýjandi hafi verið úrskurðaður gjaldþrota 28. október 1991, og hafi skiptum verið lokið á þeim grundvelli, að bú hans væri eignalaust. Kveður lögmaðurinn fjárhag aðaláfrýjanda vera slíkan, að ekki skipti máli, hvort ná mætti fram lækkun á fébótakröfum gagnáfrýjanda. Segir lögmaðurinn, að sér hafi ekki orðið kunnugt um þetta gjaldþrot fyrr en í nóvember 1993, en aðaláfrýjandi hafi þá tekið ummædda ákvörðun að sínu ráði.

Krafa gagnáfrýjanda um málskostnað úr hendi lögmanns aðaláfrýjanda er reist á 131. gr. laga nr. 91/1991. Eins og hér stendur á, þykir ekki ástæða til að hafna kröfu þessari fyrir það, hve seint hún er fram komin, en ekki eru næg efni til að taka hana til greina. Hins vegar verður aðaláfrýjanda gert að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, og telst hann hæfilega ákveðinn, eins og í dómsorði segir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisauka-skatts.

D ó m s o r ð:

Mál aðaláfrýjanda, Róberts H. Jónssonar, á hendur gagnáfrýjanda, Hermanní Kristjánssyni, er fellt niður.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 120.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.
